

Sandra Björgvinsdóttir

From: Hrafnkell Á. Proppé
Sent: þriðjudagur, 13. júní 2017 11:17
To: asta.thorleifsdottir@srn.is; Samtök sv.félaga á hb.svæðinu
Subject: RE: Borgarlínan - Reykjanes-Sæbraut

Sæl Sandra. Viltu skrá þessa tvo tölvupósta frá Ástu sem ábendingar við vinnslutillögurnar.

Kv Hrafnkell

Sækja [Outlook for Android](#)

On Tue, Jun 13, 2017 at 11:07 AM +0000, "Ásta Þorleifsdóttir" <asta.thorleifsdottir@srn.is> wrote:

Hmm - samt mjög hugsi

Rak augun í "The employment data are only available as square meters making it difficult to link it to the number of employees within the walking distance."

Sem er sama vandamál og við vorum með í vinnusóknarsvæðisgreiningunni.. þar sem úttakið sýndi reyndar lítið samhengi á milli heimils og vinnustaðar, nema hjá grunnskólakennurum :-)

Horfi alla daga á bílalestina eftir Reykjanesbraut (og bólsótast ef ég er akandi, vil keðju, gjaldtöku.. rosahá bílastæðagjöld :-)... þarna gætu verið verulega girnilegir Park and Ride möguleikar Auk þess að tengja verslunar- og þjónustusvæðin þ.m.t. Mjódd við tengistöð við Elliðaárósa, sem og efri byggðir - en austan Reykjanesbrautar hefur verið mikil uppbygging og verður örugglega áfram. Tel nokkuð ljóst að það þarf frekari og ítarlegri rannsóknir (það eru td. tvær ferðavenjukannanir sem gefa töluvert ólíkar niðurstöður, Landráð og Capacent) - Svo er líka nóg rými til að koma fyrir sérreinum við Reykjanesbraut... (og ríkið á landið)

Um Grafarvoginn - þá aka núna 4 vagnar í halarófu eftir Fjallkonuvegi, þ.m.t. tómi innanhverfisvagninn no.31 ...Og það tekur mig jafnlangan tíma að fara frá Spöng að Olís við Gullinbrú - eins og frá Gullinbrú að Hörpu - Minnug þess sem Hinn frábæri Jarett sagði - Fólk er tilbúið til að ganga töluvert lengra fyrir skjótari ferð

Einnig er nauðsynlegt að huga vel að farmiðafyrirkomulagi - Allt í lagi að stakt fargjald sé dýrt, en það þarf að vera eitthvað milli bíla á milli þess að nota Strætó einu sinni eða kaupa mánaðarkort/ árskort..... Margir myndu nota strætó oftar ef þú gætir td. keypt 20-50 sem gilda í 6-12 mán miða í gegnum appið með umtalsverðum afslætti. - Krakkarnir reikna þetta svo að Strætó sé of dýr, það borgi sig alltaf að keyra (nema patrólinn hennar mömmu - ef maður þarf að borga olíuna sjálfur). Það skortir hagkvæmnina í að nota Strætó ef þú átt hvort eð er bíl.

Þetta verður að taka með í reikninginn með Borgarlínuna, til að venja fólk á að nota almenningssamgöngur (og þá kannski fækkar þeim sem kaupa bíla)

Bestu kveðjur
Ásta



Ásta Þorleifsdóttir, Sérfræðingur/ advisor
Skrifstofa samgangna / Department of Transport and Infrastructure
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local government
Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 9000
innanrikisraduneyti.is / [Fyrirvari/Disclaimer](#)

From: Hrafnkell Á. Proppé <hrafnkell@ssh.is>
To: Ásta Þorleifsdóttir <asta.thorleifsdottir@srn.is>
Date: 13.06.2017 01:21
Subject: RE: Borgarlínan - Reykjanes-Sæbraut

Sæl vertu Ásta og takk sömuleiðis.

Við mótun tillögunnar hefur verið horft til þeirra gagna sem eru aðgengileg og eru ma.:

- Ferðavenjukönnun sem Vegaegerðin og RVK gerðu árin 2011 og 2014 og náðu yfir allt höfuðborgarsvæðið. Í þeim gögnum er hægt að horfa á upphaf og enda allra ferða þeirra sem tóku þátt í könnunum sem gefa góða vísbendingu um hvert fólk er að fara.
- Hvar fólk býr og hvar atvinnuhúsnæði er staðsett, miðað við 1. Janúar 2017
- Hvar sveitarfélögin áforma uppbyggingu næstu áratugina.

Forsendan svona kerfa er að þjóna sem flestu fólki og þá skiptir mestu máli að fara um svæði þar sem það annað hvort býr eða starfar. Og jú auðvitað að tengja saman lykilpunkta á svæðinu. Þetta er alveg sama hugmyndafræði og beitt hefur verið í sambærilegum verkefnum, lagt er meiri áhersla á að farið sé um þetta byggð heldur en hraða tengingu milli tveggja punkta. Auðvita er eðlilegt að fólk kunni að hafa aðra tilfinningu fyrir þessu flæði en þau gögn sem við höfum í höndum gefa til kynna. Þá er um að gera að senda inn ábendingu og/eða hvatningu um að skoða betur hvort þetta kunni að vera á misskilningi byggt.

Hvað varðar legu línunnar í Grafarholti gilda sömu lögumál og því ekki óeðlilegt að línan liggja þar sem er byggð á báðar hendur, jafnvel þó það þýði 2-3 mínútur í lengri ferðatíma á endastöð. Það mun vinna með ferðatímanum að legnar verður á milli stoppa en í dag og auðvitað sérrýmið, en vissulega tæki það ykkur sem búið við Spöngin örlítið skemmri tíma að komast úr Grafarvoginum ef ekið yrði beint niður á Strandveg/Gullinbrú, en það er trade-off, færri í Grafarvoginum eiga þá greiðan aðgang á kerfinu og íþróttasvæðið sem hefur talsvert aðráttarafl yrði ekki í göngufæri. Aftur er hér full ástæða til að íbúar í hverfinu komi sínum ábendingum á framfæri. Í svona vinnu þarf að veita kosti og galla við leiðarvalið og þá er mjög gott að fá innlegg frá íbúum tala nú ekki um ef þeir eru notendur Strætó í dag.

Ég mun ekki skrá þessi tölvupóst samskipti okkar sem innkomna athugasemd frá þér, ekki nema að þú óskir eftir því. En ég hvet þig aftur til að senda inn formlega ábendingu fyrir 21. júní.

Bestu kveðjur,
Hrafnkell

From: Ásta Þorleifsdóttir [<mailto:asta.thorleifsdottir@srn.is>]
Sent: 9. júní 2017 15:53
To: Hrafnkell Á. Proppé <hrafnkell@ssh.is>
Subject: Borgarlínan - Reykjanes-Sæbraut

Sæll og takk fyrir finan fund

Ég er enn mjög efins um það að hafa aðeins eina norður - suðurlínu
Sýnist allt benda til að mestur vöxtur byggðar verði til austurs (upp á heiðar og mela :-)

Að Miðborg Reykjavíkur sé smám saman að verða einskonar "Gamla Stan" en dagleg erindi íbúa (sem ekki eru á leið í skóla eða á sjúkrahús) séu austar Reykjanesbrautin er pakkfull farartækjum stóran hluta sólarhringsins og næsta víst að einhverjir þeirra sem þar eyða löngum stundum í sínum bílum myndu glaðir fara í "park and ride" fyrirkomulag. Ef forsendan er fyrst og fremst hvar fólk býr og þéttleika byggðar en ekki hvert það er að fara - sbr vinnusóknargreiningarnar hennar Lilju þá er skiljanlegt að Reykjanesbraut sé ekki með.. en það eru gríðarlega margir sem vinna meðfram þessu ás... Garðabæjarkjarninn (Ikea, Kostkó ofl), Smáralind, Breidd/Mjódd, fyrirtækin neðan Sæbrautar alla lei í Laugarnes/Sundabraut eða jafnvel lengra.....
Hefur síðan þverlínur á milli (Kopavogur (sjórinn) upp í kóra/sali ...Kæmi í stað undarlega Smáralindarhlyksins...

Síðan átta ég mig ekki á Grafarvogslínunni sem á að hlykkjast um Langarima/Fjallkonuveg og hefur orðið þess valdandi að ég nenni ekki lengur í Strætó .. í stað þess að taka hringinn um hverfið með nokkrum stoppum sem Hraðleið (búin að taka þetta oft upp við Strætó...og tengjast við Víkurveg og Ártún.....

En þar sem ég er nú bara leikmaður - myndi ég gjarnan vilja fá vísun í rökin sérfræðinganna þe. Lilja sagði þau hefðu reiknað að það væri ekki nægur þéttleiki byggðar meðfram Reykjanesbrautinni - en ég velti fyrir mér öllum þeim sem fara þessa leið alla daga....og safnast inn á hana úr austari og syðri byggðum

Svona helgarpælingar í sumarsólinni

Bestu kveðjur
Ásta



Ásta Þorleifsdóttir, Sérfræðingur/ advisor

Skrifstofa samgangna / Department of Transport and Infrastructure

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti /
Ministry of Transport and Local government
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími/Tel: +(354) 545 9000

innanríkisraduneyti.is / [Fyrirvari/Disclaimer](#)